

Ed.

401. Frumvarp til laga

[200. mál]

um breyting á lögum nr. 43 9 maí 1947 um innlenda endurtryggingu, stríðsslysa-tryggingu skipshafna o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Áhættufé félagsins er:

1. Frá ríkissjóði	kr.	12 950 000	
2. Frá útgerðarmönnum og öðrum	—	18 942 000	
3. Frá eftirtöldum váttryggingarfélögum:			
Tryggingastofnun ríkisins	kr.	952 000	
Brunabótafélagi Íslands	—	952 000	
Sjóváttryggingarfélagi	—	952 000	
			— 2 856 000
4. Frá öðrum váttryggingarfélögum, sbr. 5. gr.			
Samvinnutryggingum g. t.	kr.	208 000	
Almennum Tryggingum hf.	—	181 000	
Tryggingamiðstöðinni hf.	—	164 000	
Tryggingu hf.	—	139 000	
			— 692 000
			Samtals kr. 35 440 000

Að fengnu samþykki ráðherra má með einróma samþykki allrar félagsstjórnarinnar auka framlagt áhættufé með útgáfu jöfnunarskirteina skv. 8. gr. Aukning áhættufjár með þessum hætti telst ekki arður eða til skattskyldra tekna við álagningu tekjuskatts eða útsvars.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Nú semur innlent váttryggingarfélag, sem ekki á áhættufé í félaginu, svo um að tryggja hjá félaginu minnst 1/10 hluta af þeim endurtryggingum sínum, sem samrýmast endurtryggingarstarfsemi félagsins, og getur stjórn Endurtryggingarinnar þá samið þannig við slíkt félag, að það leggi fram áhættufé til jafns við önnur félög, er það hafa gert skv. þessari heimild, sbr. 3. gr. 4. tölulið. Nýtur það áhættufé þá sömu réttinda og ber sömu skyldur og eldra áhættufé, sbr. þó 11. gr.

3. gr.

3. og 4. mgr. 9. gr. orðist svo:

Tryggingarfélög þau, sem áhættufé eiga í félaginu, sbr. 3. gr. tölul. 3 og 4, tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Verði þau ekki sammála, tilnefnir ríkisstjórnin mennina úr hópi þeirra, sem tryggingarfélögin hafa stungið upp á.

Eigendur áhættufjár þess, er um getur í 3. gr. 2. tölulið, tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Farist tilnefning af þeirra hálfu fyrir, tilnefnir ríkisstjórnin mennina.

4. gr.

Fyrirsögn II. kafla verði:

Um stríðsslysatryggingar.

5. gr.

15. gr. orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið, að skylt sé að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum. Vátryggingarskylda hvílir á útgerðarmanni skipsins og má ekki færa þeim, sem vátryggðir eru, iðgjöldin til útgjalda. Gildir það jafnt, þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

6. gr.

21. gr. falli niður.

7. gr.

23. gr. orðist svo:

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða eftir reglum sem ráðherra setur nema um annað semjist í kjarasamningum útgerðarmanna og sjómanna.

8. gr.

24. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977 og ber þá stjórn Íslenskrar endurtryggingar að gefa út skírteini skv. 8. gr. til eigenda áhættufjár fyrir þeirri aukningu, sem fólgin er í 1. gr., enda nýtur hún arðs frá þeim tíma. Þessi aukning áhættufjár er undanþegin tekjuskatti og útsvari.

Greinargerð.

Lög nr. 43 frá 9. maí 1947 um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. eru nú að verða 30 ára gömul. Aðeins smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á þeim frá því þau voru sett. Það lætur því að líkum að tímabært sé orðið að gera nokkrar breytingar á þessum lögum.

Áhættufé félagsins var í upphafi ákveðið kr. 6 000 000. Þar af var innborgað kr. 4 964 000 en ábyrgðir kr. 1 036 000. Síðar hafa kr. 400 000 bæst við innborgað áhættufé frá vátryggingarfélögum, er hafa gerst aðilar að félaginu samkvæmt heimild í 5. gr. laganna. Þetta var mikið fé á þeirrar tíðar mælikvarða. Með þáverandi gengi svaraði það til dæmis til 228 832 £. Síðan hefur gildi þessa áhættufjár farið síminkandi. Nú er áhættuféð langt undir þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru í lögum nr. 26/1973 um vátryggingarstarfsemi varðandi hlutafé eða stofnfé almennra vátryggingarfélaga. Það verður að teljast óheppilegt, að vátryggingarfélag, þar sem ríkið er langstærsti eigandinn, fullnægi ekki þeim kröfum, er ríkisvaldið gerir til annarra vátryggingarfélaga um áhættufé, þótt eigið fé þess sé nægilega hátt.

Þó nokkur hluti af iðgjaldatekjum Íslenskrar endurtryggingar (um 20%) er frá erlendum vátryggingasamningum. Nokkuð hefur borið á því, einkum síðustu árin, að erlend frumtryggingarfélög hafa ekki viljað endurtryggja hjá Íslenskri endurtryggingu, af því að þeim hefur þótt áhættufé hennar of lítið. Aðkallandi er að ráða bót á þessu til þess að félagið tapi ekki af hagstæðum samningum.

Beinir hagsmunir íslenska ríkisins af starfsemi Endurtryggingarinnar liggja í arðinum af innborguðu áhættufé ríkissjóðs. Þar sem arðurinn er takmarkaður upp á við, hefur hann lítið breyst að krónutölu (var síðast 277 500 kr. af áhættufé ríkissjóðs). Fjárhagsleg þýðing hans fyrir ríkissjóð hefur því farið síminkandi.

Hin síðustu ár hefur nokkuð borið á kvörtunum frá öðrum áhættufjáreigendum um, að þeim þættu þessar fáu arðkrónur svo lítils virði, að varla tæki að sækja þær.

Stjórn félagsins hefur athugað á hvern hátt mætti ráða bót á framangreindum vandamálum. Hagkvæmasta leiðin virðist vera sú að fá lagaheimild til að gefa út jöfnunaráhættufjárbréf og nota til þess mismun, er fram kæmi við hækkun á bókfærðu verði á fasteignum félagsins.

Þann 1. janúar síðastliðinn var brunabótamat á fasteignum félagsins kr. 199 232 689 en bókfært verð kr. 126 196 080 áður en fyrning 1976 hefur verið dregin frá. Þótt verðmæti fasteigna væri fært upp í 90% af brunabótamati væri það hóflega áætlað.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að færa upphaflegt innborgað áhættufé upp í kr. 34 748 000, það er að gefa út jöfnunaráhættubríf fyrir sexföldu nafnverði þess eða kr. 29 784 000. Þegar lög nr. 43/1947 voru gefin út, var vísitala byggingarkostnaðar 434 stig. Hún er nú 24 322 stig eða 56 sinnum hærri. Sé upphaflega áhættuféð sjöfaldað, það er bætt við það sexföldu nafnverði, er hækkunin 10.7% af hækkun vísitölu byggingarkostnaðar.

Hækkun vísitölnunnar frá því síðari viðbætur voru greiddar inn, er þannig:

Innborgað af	Dagsetning	Vísitala byggingarkostnaðar	Hækkun %
Samvinnutryggingum g. t.	13/7 1965	2 403	1 012
Almennum Tryggingum hf.	26/7 1968	3 217	756
Tryggingamiðstöðinni hf.	9/7 1969	4 050	601
Tryggingu hf.	8/1 1973	6 679	364

Með því að taka 10.7% af þessum hækkunum verður viðbótin hjá hverju félagi þannig:

Hjá Samvinnutryggingum g. t.	108%
Hjá Almennum Tryggingum hf.	81%
Hjá Tryggingamiðstöðinni hf.	64%
Hjá Tryggingu hf.	39%

Hækkun áhættufjárins er rúmur helmingur af þeim mismun, sem fram kæmi við að hækka bókfært mat fasteigna í 90% af brunabótamati. Afgangurinn kæmi fram sem hækkun á eigin fé öðru en áhættufénu.

Eftir að innborgað áhættufé félagsins hefur verið fært upp svo sem að framan greinir, er ekki þörf á að hafa lengur þær áhættufjárabyrgðir, sem hingað til hafa verið og eru þær því felldar niður. Þær voru kr. 856 000 ábyrgð ríkissjóðs og kr. 60 000 ábyrgð hvers um sig af váttryggingarfélagunum, Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélagi Íslands og Sjóváttryggingarfélagi Íslands hf.

Miðað við núverandi gengi á £ svara áhættuféð eftir uppfærsluna til 108 þús. £. En 100 £ hefur verið lágmarksupphæð hlutafjár váttryggingarfélaga í Englandi. Í London er stærsti váttryggingamarkaður heimsins, og þaðan fær Endurtryggingin mest af sínum erlendu váttryggingasamningum.

Önnur atriði frumvarpsins en þau sem snerta áhættuféð, eru tilkomin vegna breyttra aðstæðna frá því lögin voru sett og er gerð nánari grein fyrir þeim hér á eftir við hverja grein frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um þá hækkun áhættufjár, sem að framan er lýst. Eðlilegt þykir, að unnt sé að færa áhættufé til samræmis við verðlag. Í 2. mgr. er lagt til, að til þurfi einróma samþykki allrar félagsstjórnarinnar og samþykki ráðherra. Við þá ákvörðun væri ráðherra rétt að fylgja sömu sjónarmiðum og gilda um útgáfu jöfnunarhlutabréfa í hlutafélögum. Ekki er nauðsynlegt að hafa um þetta ítarleg ákvæði í þessum lögum, enda eiga þau heima í skattalögum.

Um 2. gr.

Greinin er frábrugðin núverandi lögum að því leyti, að ákvæði var um lágmarks-iðgjald á ári, sem nú er úrelt. Auk þess er lagt til, að hámark áhættufjár verði til jafns við önnur félög, sem eins stendur á um, en ekki bundið við 100 000 kr. eins og nú.

Gert er ráð fyrir að stjórnin taki tillit til hækkunar vísitölu byggingarkostnaðar frá síðustu ákvörðun áhættufjár. Lágmarksinnborgun miðaðist þá við lágsta áhættuféð, sem fyrir er, hækkað eftir greindri vísitölu.

Um 3. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða. Vegna breytts forms á 3. gr. er greinilegra, að vísað sé beint í töluliði hennar.

Um 4. gr.

Fyrirsögn kaflans er leiðrétt til samræmis við efni hans.

Um 5. gr.

Skylt var að tryggja íslenska sjómenn fyrir stríðsslyssum til ársloka 1947. Lengi síðan var stríðsslysatryggingum haldið áfram með samningum. Nú um skeið hafa þessar tryggingar legið niðri en óvíst er, hvort þeirra verður aftur þörf. Er því lagt til, að ráðherra geti tekið um það ákvörðun.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar um iðgjaldsákvörðun er úrelt. Óþarft er að hafa um hana ákvæði í lögum.

Um 7. gr.

Ákvæði 23. gr. um fjárhæð bóta fyrir stríðsslys eru úrelt og rétt, að ráðherra taki um það ákvörðun nema um annað sé samið.

Um 8. gr.

Ákvæði um bótarétt barna og systkina þurfa ekki að vera í lögum, þar sem þau mundu felast í reglum þeim, sem ráðherra setur um fjárhæð bóta skv. 23. gr. og vera í samræmi við almennar bótareglur á hverjum tíma.

Um 9. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.